

Þriðjudaginn 19. maí 1992.

Nr. 324/1989. **Hreinn Halldórsson,**
Karl Sigurgeirsson og
Anne Mary Pálmadóttir

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum 25. ágúst 1989 og 4. september 1989. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjendur gerðu þá þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu yrði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Stefndi óskaði þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar.

Aðalflutningur í máli þessu fór fram 4. apríl 1989, og var málið þá dómtekið. Dómur var kveðinn upp 9. júní sama ár, níu vikum og þremur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins. Í dóminum kemur fram, að dómsuppsaga hafi dregist vegna verkfalls lögfræðinga í ríkisþjónustu frá 6. apríl 1989 til og með 18. maí 1989, en þann tíma hafi málið ekki verið til meðferðar fyrir dóminum. Þessi dráttur á dómsuppsögu er brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Héraðsdómara bar því að

endurupptaka málið til munnlegs flutnings að nýju að verkfalli loknu, en ákvæði 120. gr. laga nr. 85/1936 voru því ekki í vegi, eins og hér stóð á. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið upp að nýju til munnlegs flutnings og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 9. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað af Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, 530 Hvammstanga, hér fyrir dómi gegn Karli Sigurgeirssyni, nnr. 5512-1508, Hvammstangabraut 21, Hvammstanga, Anne Mary Pálmadóttur, nnr. 0364-4669, Hvammstangabraut 21, Hvammstanga, og Hreini Halldórssyni, nnr. 0364-4669 (þannig í áskorunarstefnu), Garðavegi 17, Hvammstanga, með áskorunarstefnu, út gefinni 14. október 1988 og birtri 24. og 26. október 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnukröfur verði gerðar aðfararhæfar með áritun um, að stefndu greiði in solidum 1.483.680 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 9. september 1988 til 1. október 1988, f.þ.d. með 33,6% ársvöxtum til uppsögudags dóms, en f.þ.d. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum til greiðsludags skv. 9. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25, 1987. Þá er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir verði höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25, 1987. Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk söluskatts.

Dómkröfur stefndu Karls og Anne Mary eru þær aðallega, að málinu verði frá vísað. Til vara er þess krafist, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er þess krafist, að stefnufjárhæð verði lækkuð í 669.463 kr. og vextir reiknaðir frá 31. maí 1988. Þá er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts, sbr. l. nr. 1, 1988, auk dráttarvaxta á málskostnað skv. l. nr. 25, 1987, sbr. l. nr. 54, 1988.

Dómkröfur stefnda Hreins eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá

dómi. Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er þess krafist, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð og aðeins tekin til greina að óverulegu leyti og aldrei tekin til greina að öðru en nemur 669.463 kr. og vextir reiknaðir frá 9. september 1988. Í öllum tilvikum krefst stefndi Hreinn þess, að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% sérstaks sölugjalds og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Málið var þingfest fyrir aukadómþingi Vestur-Húnavatnssýslu 1. nóvember 1988 og frestað. Í þinghaldi 13. desember s.á. var tekið til varna af hálfu stefndu Karls og Anne Mary og málinu vikið til meðferðar skv. einkamálalögum. Í þinghaldi 20. desember 1988 var tekið til varna af hálfu stefnda Hreins. Málið var ekki til meðferðar fyrir dóminum í verkfalli lögfræðinga í ríkisþjónustu frá 6. apríl 1989 til og með 18. maí 1989.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í áskorunarstefnu:

„Skuld þessi er samkvæmt einum víxli, út gefnum og framseldum á Blönduósi af Karli Sigurgeirssyni 20/8 1988, en ábektur af stefndu Anne Mary Pálmadóttur og Hreini Halldórssyni, að fjárhæð 1.483.680 kr., samþykktum til greiðslu í Sparisjóði V.-Húnavatnssýslu, Hvammstanga, 9/9 1988 af Verslun Sigurðar Pálmasonar hf., Hvammstanga. Á víxlinn er ritað: Tryggingarvixill v/áburðarkaupa 1987.

Stefnukrafa er ekki gerð á hendur samþykkjanda, Verslun Sig. Pálmasonar hf., en krafa hefur verið gerð í þrotabú hans, sbr. meðf.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafa stefndu ekki greitt skuldina, og er stefna þessi því óhjákvæmileg.“

Stefndu Karl og Anne lýsa málavöxtum svo í greinargerð, sbr. dskj. nr. 7, að víxileyðublað, samþykkt af Versl. Sig. Pálmasonar hf., útg. af stefnda Karli Sigurgeirssyni og ábekt af stefndu, Anne, og stefnda Hreini, hafi verið afhent Sparisjóði V.-Húnavatnssýslu í maí 1987. Hafi víxileyðublaðið verið óútfyllt varðandi útgáfudag, fjárhæð og gjalddaga. Hafi víxillinn verið tryggingarvixill vegna áburðarkaupa 1987 fyrir Versl. Sig. Pálmasonar hf. Hafi víxillinn verið fylltur út af hálfu stefnanda, eftir að samþykkjandi víxils þessa, Verslun Sig. Pálmasonar hf., varð gjaldþrota, þ.e. 22.7.1988. Hafi fjárhæð víxilsins, 1.483.680 kr., verið fráleitt að mati stefnda Karls. Sem framkvæmdastjóri Verslunar Sig. Pálmasonar hf. hafi hann vitað, að skuld verslunarinnar vegna áburðarkaupa fyrir árið 1987 hafi einungis verið 669.463 kr. Hafi fjárhæð víxilsins verið mótmælt strax við stefnanda.

Málavexti kveður stefndi Hreinn vera þá, sbr. dskj. nr. 10, að er hann ritaði á víxlinn, hafi hvorki verið skráður á hann útgáfudagur né gjalddagi. Hafi því verið um sýningarvixil að ræða, út gefinn í maí 1987, og krafan fyrnd í maí 1988. Krafa samkvæmt umræddum tryggingarvixli hafi

ekki getað orðið hærri en næmi áburðarkaupum 1987 vegna Versl. Sig. Pálmas. hf., þ.e. 669.463 kr. Dagsetningar á víxlinum eru þess eðlis, að þrotabú samþykkjanda hafi þegar verið tekið til gjaldþrotaskipta, er víxillinn hafi verið út gefinn, en við gjaldþrotaskiptin hafi prókúra stefnda Karls fallið niður. Þarna sé því með skjalagerð og kröfugerð í málinu verið að leitast við að koma því að í málinu, að stefndi Karl gerist sekur um fjársvik, umboðssvik og brot á reglum, er varða prókúru.

Þar sem stefnandi hafi lýst kröfu í þrotabú Verslunar Sig. Pálmas. hf. og úthlutun sé þar ekki lokið, komi kröfur á ábyrgðaraðila ekki til greina fyrr en eftir úthlutun.

Lagarök stefndu Karls og Anne vegna aðalkröfu um frávísun eru þau, að umrætt skjal sé ekki víxill í skilningi 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93, 1933, en skv. þeim ákvæðum sé tilgreining útgáfudags ófrávíkjanlegt skilyrði þess, að um víxil geti verið að ræða. Er greiðslu var krafist á umræddum víxli, hafi vantað útgáfudag, sbr. dskj. nr. 8, þ.e. ljósrit af víxli með stimpildagssetningu 9.9.1988, en án útgáfudagssetningar, og sé af þeim sökum ekki um víxilmál að ræða, sem heimilt sé að reka skv. 17. kafla, sbr. 20. kafla l. nr. 85, 1936, sbr. l. nr. 54, 1988. Málið fullnægi ekki skilyrðum 207. gr. eml. nr. 85, 1936, til að það megi reka sem víxilmál, og beri að vísa því frá dómi.

Stefndu Karl og Anne bera einnig í greinargerð sinni, að víxillinn sé út gefinn 20.8.1988. Hér sé um fölsun skjalsins að ræða, og komist varnir þessar að skv. 208. gr. eml. nr. 85, 1936, og beri því að vísa máli þessu frá dómi.

Varakröfu sína um sýknu kveðast stefndu Karl og Anne reisa á því, að óútfylltan víxil, sem afhentur sé, án þess að gjalddaga sé getið, beri að sýna, þegar greiðslu hans er krafist, og skuli sýna hann innan eins árs frá útgáfudegi hans. Víxillinn hafi verið afhentur stefnanda í maí 1987, og sé eðlilegt að telja það útgáfudag víxilsins. Víxil þennan hafi því borið að sýna í síðasta lagi í júní 1988. Það hafi ekki verið gert, og sé víxilkrafa þessi því fyrnd á hendur stefndu. Víxillinn hafi verið útfylltur af starfsmönnum stefnanda án heimildar þrotabús Verslunar Sig. Pálmasonar hf. og stefndu, en þá hafi forsenda fyrir umboði til útfyllingar víxilsins verið brostin, er bú samþykkjanda var tekið til gjaldþrotaskipta. Hafi stefnandi því ekki haft umboð til að fylla víxil þennan út að eigin geðþótta. Umboðið til starfsmanna stefnanda til að fylla út víxillinn hafi jafnframt verið runnið út, þar sem rúmt ár var liðið, frá því að áburðarkaup þau, er stefndu tóku ábyrgð á, gjaldféllu. Hafi stefnandi hér greinilega ekki gætt krafna sinna sem skyldi, og beri hann því hallann af því sjálfur á sama hátt og kröfuhafar glati kröfu á ábyrgðarmenn skulda, lýsi þeir ekki kröfu í þrotabú skuldara.

Í þrautavarakröfu stefndu Karls og Anne um lækkun víxilfjárhæðar í 669.463 kr. auk vaxta frá júní 1988 er byggt á því, að víxillinn sé tryggingarvíxill fyrir áburðarkaupum 1987, og lagt er fram dómskjal nr. 9, reikningsyfirlit um viðskipti Verslunar Sigurðar Pálmasonar hf. og Áburðarverksmiðju ríkisins. Samkvæmt þeim gögnum komi fram, að áburðarkaup umrætt tímabil hafi numið 669.463 kr. 1. júní 1988. Komist varnir ekki að í málinu, áskilja stefndu Karl og Anne sér rétt til að höfða bótamál.

Lagarök og málsástæður stefnda Hreins varðandi aðalkröfu um frávísun eru vísan til 1. og 2. gr. 1. nr. 93, 1933, þar sem framlagt skjal sé ekki víxill í skilningi þeirra laga, vegna þess að útgáfudag hafi vantað á skjalið, er greiðslu var krafist. Beri því að vísa málinu frá dómi. Jafnframt hafi gjalddagi og fjárhæð víxilsins verið fölsuð, þar sem það hafi verið útfyllt eftir á og ekki í samræmi við lögskipti, og eigi því að vera unnt að koma slíkum vörnum að skv. 208. gr. eml. nr. 85, 1936, og eigi að vísa málinu frá af þeim sökum. Málatilbúnaður stefnanda og kröfugerð sé eigi í samræmi við lög nr. 54, 1988.

Í varakröfu um sýknu er byggt af hálfu stefnda Hreins á því, að um sýningarvíxil sé að ræða, sem beri að sýna til greiðslu innan árs frá útgáfu hans; að öðrum kosti séu kröfur skv. honum fyrndar.

Stefnandi hafi ekki haft heimild til að breyta víxlinum úr sýningarvíxli í víxil með gjalddaga, eftir að bú Versl. Sig. Pálm. hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Meðferð stefnanda á umræddum víxli varði ætluð brot á 155. gr. og 248. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Um þrautavarakröfu um lækkun fjárhæðar víxils í aldrei hærri upphæð en 669.463 kr. kveðst stefndi Hreinn reisa hana eins og stefndu Karl og Anne á því, að þar sem um tryggingarvíxil sé að ræða fyrir áburðarkaupum 1987, beri að miða fjárhæð víxilsins við raunverulega kröfu vegna þeirra viðskipta.

Stefnandi hafnar því, að aðrar varnir komist að í málinu en heimilaðar eru skv. 208. gr. 1. nr. 85, 1936. Þess vegna sé ekki unnt að koma að efnisvörnum í málinu. Vísar stefnandi í 19. gr. 1. nr. 93, 1933, víxillaga, auk 10. gr. s.l. málinu til stuðnings. Mótmælir stefnandi öllum kröfum stefndu og telur engan vafa leika á því, að þeim beri að greiða stefnufjárhæðina. Í greinargerð krefst stefnandi þess, að frávísunarkröfum verið hrundið.

Stefnandi mótmælir sýknukröfum stefndu. Til að víxill teljist sýningarvíxill, þarf að rita á hann, að gjalddagi sé „við sýningu“. Slík orð hafi aldrei verið rituð á umræddan víxil. Stefnandi mótmælir þeirri skoðun stefndu, að handhafa sé óheimilt að fylla inn á víxil, eftir að samþykkjandi hans hefur verið lýstur gjaldþrota. Kveður stefnandi engar vísbendingar í þá átt í t.d. 10. gr. 1. nr. 93, 1933.

Þrautavarakröfu stefndu mótmælir stefnandi, þar sem gert sé ráð fyrir

rúmlega helmingi lægri fjárhæð en víxillinn hljóðar um, en efnisvarnir eigi ekki að komast að í málinu.

Hinn 4. apríl fór fram munnlegur málflutningur, og fór fram sérstakur málflutningur um frávisunarkröfur. Var niðurstaða dómsins sú, að frávisunarkröfum skyldi hafnað.

Við munnlegan flutning um varakröfur og þrautavarakröfur krafðist lögmaður stefnda Hreins þess, að ekki bæri að dæma mál þetta eftir reglum víxillaga, þar sem ekki væri vísað í víxillög og of seint væri að koma þeim að í munnlegum málflutningi. Tók lögmaður stefndu Karls og Anne undir þetta í málflutningi sínum. Einnig lögðu lögmenn stefndu áherslu á, að umboð til útfyllingar víxils hefði fallið niður við gjaldþrot, og vísuðu í ákvæði samningalaga til stuðnings þeirri fullyrðingu. Lögmaður stefnanda mótmælti því, að varnir þess eðlis kæmust að um það, að ekki væri vísað til tékkalaga í áskorunarstefnu. Benti lögmaður stefnanda á, að vísað væri í víxillög í greinargerð sinni. Vísaði lögmaðurinn um það í 230. gr. eml.

Niðurstaða.

Krafa stefndu um, að ekki beri að dæma mál þetta á grundvelli laga nr. 93, 1933, er fram kom við munnlegan flutning málsins, er of seint fram komin, þar sem þau áttu þess kost að koma henni að í greinargerð, sbr. 110. gr. l. nr. 85, 1936. Auk þess er tekið til varna af hálfu beggja stefndu á grundvelli víxilkröfu strax í greinargerð. Stefnandi reisir kröfur sínar á víxli, sem stefndi Karl hefur undirritað sem útgefandi og stefndu Anne og Hreinn ábekt. Því er um að ræða víxilmál, sem stefnandi rekur samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85, 1936. Samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 komast þær varnir, er stefndu færa fram til stuðnings varakröfu sinni um sýknu, að í málinu. Verða mótmæli stefnanda í því efni ekki tekin til greina.

Óumdeilt er, að nefndur víxill var afhentur stefnda í maí 1987, og hafi þá ekki verið skráður útgáfudagur, fjárhæð né gjalddagi á víxilinn. Ekki hefur stefndu tekist að sanna, að svo hafi verið samið við stefnanda, að greiða ætti víxil þennan við sýningu. Óumdeilt er, að útgefandi víxilsins, stefndi Karl, var framkvæmdastjóri Verslunar Sig. Pálmas. hf., samþykkinganda víxilsins, er hann var afhentur stefnanda á lögmætan hátt og í lögmætum tilgangi í maí 1987, þ.e. til tryggingar greiðslu fyrir áburðarkaupum 1987, eins og skráð var á víxilinn. Stefnðu máttu gera ráð fyrir, að víxillinn yrði fylltur út síðar, er tekin hefði verið ákvörðun um, hver gjalddagi víxilsins skyldi vera. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 93, 1933, var stefnanda heimilt að fylla út víxilinn með því efni, sem hann hefur, án þess að stefndu geti borið það fyrir sig við víxilhafa. Þar sem skráður útgáfudagur er 20.8.1988 og skráður gjalddagi 9. sept. 1988, er víxilréttur ekki fyrndur. Sýknukröf-

um stefndu er því hafnað. Aðrar sýknuástæður koma ekki til álita.

Þrautavarakrafa stefndu byggist á því, að umræddur víxill hafi verið eingöngu ábyrgðarskjal vegna umræddra áburðarkaupa 1987. Lagt var fram skjal nr. 9, reikningsyfirlit yfir viðskipti Versl. Sig. Pálmasonar hf. við Áburðarverksmiðju ríkisins tímabilið 31.1.1987 til 9.9.1988. Beri að lækka víxilfjárhæðina með tilliti til raunverulegra áburðarkaupa Versl. Sig. Pálmas. hf. árið 1987. Samkvæmt 208. gr. laga nr. 85, 1936, eru taldar upp þær varnir, sem varnaraðili getur haft uppi um efni víxilmáls. Í 17. gr. laga nr. 93, 1933, er kveðið á um, að varnaraðili geti ekki borið fram neinar varnir gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða víxilhafa. Verður því að hafna þrautavarakröfu stefndu.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, þykir hæfilega ákveðinn 180.000 kr.

Sverrir Friðriksson, fulltrúi sýslumanns Húnavatnssýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Karl Sigurgeirsson, Anne Mary Pálmadóttir og Hreinn Halldórsson, greiði in solidum stefnanda, Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, 1.483.680 kr. með 49,2% ársv. frá 9. september 1988 til 1. október 1988, frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1.11.1988, með dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands til 9. júní 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti samkvæmt 12. gr. laga nr. 25, 1987. Stefndu greiði 180.000 kr. í málskostnað, þar með talinn söluskatt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.